

Tillaga	A 1951/UHN
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

A 1951/UHN Þingmannafrumvarp um Norðurlönd sem leiðandi um vindorku á hafi

Flokkahópur miðjumanna leggur til

að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver á hafi án þess að slakað verði á kröfum,

að beita sér fyrir samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi og

að efla samstarf raforkufyrirtækja ríkjanna um samþætt norrænt raforkunet.

Flokkahópur miðjumanna leggur enn fremur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að safna saman góðum starfsvenjum á Norðurlöndum við undirbúning á nýtingu vindorku á hafi.

Bakgrunnur

Vinnan við að hætta í áföngum notkun jarðefnaeldsneytis er mikilvæg frá sjónarhóli loftslags- og öryggismála og einnig í efnhagslegu tilliti. Framþróun þarf að verða í málefnum endurnýjanlegrar orku svo að markmið Norðurlanda í loftslagsmálum verði að veruleika.

Nýting vindorku á hafsvæðum hefur síðustu misseri verið mikilvægur þáttur í að uppfylla þörfina á aukinni hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa og eru nokkrum verkefnum þegar lokið. Margar opinberar stofnanir, þ.m.t. ESB, hafa sett fram stefnuáætlanir og markmið um framleiðsluform sem hefur aukið áhuga stærri orkufyrirtækja á málaflokknum. Það er á grundvelli þessa sem norrænir



orkumálaráðherrar lögðu í Marienborgyfirlýsingunni frá 2022 áherslu á mikilvægi nýtingar vindorku á hafi á Norðurlöndum.

Með þeim stóru verkefnum sem unnið hefur verið að á þessu sviði verða til nýjar áskoranir með laglegum og skattalegum álitamálum, tæknilegum áskorunum, umhverfisúttektum, þróun útboðsferla og sátt við almenning. Þetta krefst nýrra aðferða og ferla fyrir leyfisveitingar og samstarf yfirvalda svo að Norðurlönd dragist ekki aftur úr í orkuumskiptum. Sú hæfni sem þegar hefur orðið til hjá yfirvöldum í hverju landi þarf að færast á milli landanna. Þetta á ekki minnst við fyrir þær umhverfisáskoranir þvert á landamæri sem orkuverkefni kunna að hafa í för með sér. Þá þarf að efla samstarf æðri menntastofnana um rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviðinu. Við mögulega lagningu rafstrengja á milli landa í tengslum við ný verkefni í orkumálum er einnig mikilvægt að raforkufyrirtæki landanna samræmi skipulag uppbyggingarinnar svo að flöskuhálsar myndist ekki. Samstarfsfletirnir eru margir.

Auk samstarfs á milli landanna væri mikilvægt að Norræn ráðherranefndin kæmi að málum. Mikilvægt er að þeirri reynslu og þekkingu sem verður til í samstarfi landanna sé safnað fyrir stærri hóp. Að finna form til að safna og deila með sér góðum starfsvenjum myndi einnig gefa atvinnulífinu merki um að Norðurlönd vilji vera leiðandi afl við nýtingu vindorku á hafi.

Reykjavík, 13. mars 2023

Hanna Katrín Friðriksson (V)
Heidi Greni (Sp)
Anna Starbrink (L)
Anna Falkenberg (Sb)
Kathrine Kleveland (Sp)
Catarina Deremar (C)
Ola Elvestuen (V)

Ulf Holm (MP)
Simon Holmström (HI)
Guðmundur Ingi Kristinsson (FF)
Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)
Johan Dahl (Sb)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Mikael Lindholm (ÅC)